

**1989 nr. 55 22. maí****Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta samninga um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um réttarstöðu samnorrænna stofnana**

Tóku gildi 14. júní 1989.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, ásamt viðbótarsamningi við samninginn, sem undirritaðir voru í Ósló 13. maí 1987<sup>1)</sup> og samning um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra sem undirritaður var í Stokkhólmi 9. desember 1988.<sup>2)</sup> Samningarnir eru birtir sem fylgiskjöl með lögum þessum.

<sup>1)</sup> Sbr. augl. C 12/1989 og augl. C 20/2005. <sup>2)</sup> Sbr. augl. C 7/1989 og augl. C 20/1989.

■ **2. gr.** Er samningar þeir, sem um er rætt í 1. gr., hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa laga-gildi hér á landi. . . .

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Fylgiskjal I.****Samningur um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem hafa í því augnamiði komið á fót skrifstofu fyrir ráðherraefnd Norðurlanda í Kaupmannahöfn,

sem gera sér ljóst að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur í samræmi við 54. gr. samstarfssamnings Norðurlanda frá 1962 (Helsingforssamningsins) komið á fót skrifstofu í [Kaupmannahöfn],<sup>1)</sup>

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessara skrifstofa ásamt skyldum málefnum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

**Gildissvið samningsins.**

■ **1. gr.** Samningur þessi gildir fyrir skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs.

□ [Að því er varðar Norræna menningarsjóðinn og starfsmenn sjóðsins gilda 3.–14. gr. samningsins og viðbótarsamningurinn við samninginn. Norræni menningarsjóðurinn fer eftir þeim ákvæðum sem Norræna ráðherraefndin, eftir atvikum Norðurlandaráð, setur samkvæmt 3., 4., 7., 10., 13. og 14. gr. þessa samnings. Norræni menningarsjóðurinn skal eiga kost á að tjá sig fyrirfram um þær ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt framangreindum ákvæðum. Norræni menningarsjóðurinn ákveður sjálfur starfsreglur sínar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

**Réttarstaða skrifstofanna.**

■ **2. gr.** Hvor skrifstofa um sig er sjálfstæður réttaraðili með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún er staðsett. Þannig geta þær eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðilar fyrir dómstólum.

□ Aðalritarinn eða sá eða þeir sem hann tilnefnir skal koma fram fyrir hönd skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda. [Framkvæmdastjóri ráðsins]<sup>1)</sup> eða sá eða þeir sem

hann tilnefnir skal koma fram fyrir hönd [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs.

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

**Friðhelgi og sérréttindi.**

■ **3. gr.** Fasteignir skrifstofanna og aðrar eignir eru undanþegnar hvers kyns aðför stjórnvalda og dómstóla, nema með beinu leyfi ráðherraefndar Norðurlanda eða stjórnarnefndar Norðurlandaráðs hverju sinni.

■ **4. gr.** Húsnæði skrifstofanna, skjalageymslur og öll skjöl í þeirri eigu eða vörslu skulu vera friðhelg, hvar sem þau eru.

□ Varðandi birtingu slíkra skjala gilda þær reglur sem ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, setur.

■ **5. gr.** Bréfaskriftir skrifstofanna og aðrar opinberar tilkynningar má ekki ritskoða og hvað varðar meðferð þeirra skulu þær jafnsettar pósti sendiráða.

■ **6. gr.** Skrifstofurnar, tekjur þeirra og eignir sem notaðar eru við starfsemina, skulu vera undanþegnar allri beinni skattheimtu.

□ Skrifstofurnar skulu einnig vera undanþegnar öllum tollgjöldum og öðrum gjöldum með sömu áhrif af hlutum sem eru fluttir inn eða út vegna starfseminnar.

□ Ákvæðin í 1. og 2. mgr. eiga ekki við um skatta eða gjöld sem aðeins varða greiðslu fyrir veitta þjónustu.

□ Að öðru leyti gilda fyrir hvora skrifstofu um sig sömu skatta- og gjaldareglur og fyrir sendiráð í landinu þar sem hún er staðsett.

■ **7. gr.** Ekki er hægt að krefjast skatta af launum og öðrum hlunnindum sem skrifstofurnar greiða starfslíði sínu í föstum stöðum. Þetta gildir einnig um greiðslur sem hafa sömu áhrif og beinir skattar. Skrifstofunum ber skylda til að senda viðkomandi stjórnvöldum samningslandanna skrá yfir það starfslíð sem heyrir undir þennan lið.

□ Ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, setur reglur um skyldur þess starfslíðs sem um getur í 1. mgr. til þess að greiða gjald til skrifstofanna í staðinn fyrir skatt.

□ Ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður gjaldið.

□ Viðurkenndan frádrátt, sem notaður er við ákvörðun stofns vegna útreiknings gjalds samkvæmt reglum þessa samnings, má ekki jafnframt nota sem frádrátt við skattlagningu innanlands.

□ Stjórnvöldum samningslandanna er heimilt að hafa hliðsjón af launum og öðrum hlunnindum starfslíðs þess sem um getur í 1. mgr. við útreikning á skatti sem samkvæmt lög-gjöf landsins, samanber tvísköttunarsamning Norðurlanda, er lagður á tekjur frá öðrum aðilum en skrifstofunum.

■ **8. gr.** Starfslíð skrifstofanna og þeir í fjölskyldum þess, sem teljast til heimilisfólks, skulu í starfslandinu vera undanþegnar tollum og gjöldum af eignum, þar á meðal ökutækjum, sem ætlaðar eru til persónulegra nota og það hefur með sér vegna starfsins í skrifstofunum.

■ **9. gr.** Eignir, sem fluttar eru inn toll- og gjaldfrítt skv. 6. eða 8. gr., má aðeins framselja í landinu, þar sem þær hafa notið toll- og gjaldfríðinda, með þeim skilyrðum sem viðurkennd eru af stjórnvöldum þess lands.

**Réttarstaða starfslíðsins.**

■ **10. gr.** Ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður starfsskipulag og launa- og starfsskilyrði fyrir starfslíð skrifstofanna.

■ **11. gr.** Hver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni, sem á að gegna tímabundnu starfi í skrifstofunum, leyfi frá störfum þann tíma sem ráðningin stendur og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.

□ Tímabundið starf merkir ráðningu sem ekki varir lengur en átta ár.

■ **12. gr.** Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfslið skrifstofanna njóta góðs af ríkislífeyrissjóði í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, svo fremi sem annað er ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

□ Samningur, sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda sem aflað hefur verið í ríkislífeyrissjóði eða samsvarandi lífeyrissjóði, skal einnig gilda fyrir starfslið skrifstofanna sem hefur lífeyrissjóðsréttindi í þeim Norðurlandanna sem hafa gerst aðilar að samningnum.

□ Um réttindi starfsliðsins til tryggingagreiðslna fer samkvæmt samningi Norðurlanda frá [15. júní 1992]<sup>1)</sup> um félagslegt öryggi.

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

■ **13. gr.** Um réttindi starfsliðsins gildir að öðru leyti það sem í ráðningarsamningi segir eða ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður.

■ **14. gr.** Deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skulu útljáðar af sáttanefnd.

□ Sáttanefnd skal skipa ef annar deiluaðila krefst þess.

□ Sáttanefndin skal skipuð þremur mönnum og tilnefna deiluaðilar sinn manninn hvor, sem í sameiningu tilnefna hinn þriðja sem verður formaður sáttanefndarinnar.

□ Ef deiluaðilar verða ekki ásáttir um tilnefningu þriðja manns skal fara þess á leit við formann þess dómstóls í starfslandinu, sem fer með vinnudeilur, að hann tilnefni þriðja mann.

□ Úrskurður sáttanefndar skal vera skriflegur og undirritaður af nefndarmönnum.

□ Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

□ Ráðherraefnd Norðurlanda eða stjórnarnefnd Norðurlandaráðs, eftir því sem við á, ákveður þóknun sáttanefndar eftir tillögu frá sáttanefndinni.

□ Sáttanefndin ákveður skiptingu kostnaðar hvors deiluaðila um sig af sáttameðferðinni.

*Lokaákvæði.*

■ **15. gr.** Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

□ Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

□ ...

■ **16. gr.** Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

□ Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að norska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

■ **17. gr.** Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

## Viðbótarsamningur við samning um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa í dag gert samning um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

■ **1. gr.** Samningsaðilar munu við mat í sambandi við starfstíma í ríkisþjónustu telja ráðningartíma á skrifstofunum til sérstakrar starfshæfni, þannig að löndin geti nýtt sér til hins ýtrasta þá innsýn í og reynslu af norrænni samvinnu sem starfsmennirnir öðlast við að gegna störfum hjá skrifstofunum.

□ Samningsaðilar eru sammála um að mæla með því við aðra vinnuveitendur að þeir veiti starfsmönnum leyfi til að starfa við skrifstofurnar með sömu kjörum og ríkisstarfsmenn í samræmi við réttarstöðusamninginn.

□ Samningsaðilar munu veita þeim starfsmönnum, sem lokið hafa starfi hjá norrænni skrifstofu, aðstoð, innan ramma gildandi lagareglna og stjórnvaldsákvæða, við að fá starf hjá ríkinu eða öðrum aðilum í heimalandi sínu.

■ **2. gr.** Samningur þessi öðlast gildi sama dag og samningur um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs tekur gildi.

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

■ **3. gr.** Frumrit viðbótarsamnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

■ **4. gr.** Þessum viðbótarsamningi má segja upp í samræmi við ákvæði 16. gr. samnings um réttarstöðu skrifstofu ráðherraefndar Norðurlanda og [skrifstofu]<sup>1)</sup> Norðurlandaráðs. Verði samningnum sagt upp fellur viðbótarsamningur þessi sjálfkrafa úr gildi.

<sup>1)</sup> Augl. C 20/2005.

## Fylgiskjal II.

### Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem gera sér ljóst að norræna ráðherraefndin hefur komið á fót, sem lið í þessu samstarfi, opinberum samnorrænum stofnunum með norrænu starfsliði og gera ráð fyrir að slíkar stofnanir verði settar á stofn í framtíðinni,

sem æskja þess að setja sameiginlegar reglur um réttarstöðu þessara stofnana, þar á meðal um launa- og starfsskilyrði starfsfólks þeirra,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

■ **1. gr.** Sérhver samnorræn stofnun, sem norræna ráðherraefndin hefur komið á fót og fjármagnað, er sjálfstæður réttaraðili með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í landinu þar sem hún hefur aðsetur. Hún getur þannig eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðili fyrir dómstólum.

■ **2. gr.** Til starfa við samnorrænar stofnanir eru ráðnir ríkisborgarar frá Norðurlöndum. Ráðherraefnd Norðurlanda getur einnig heimilað ráðningu ríkisborgara frá öðrum löndum.

□ Við ráðningu starfsfólks til einstakra stofnana skal reynt að skipta ábyrgðarstöðum réttlátlega á milli ríkisborgara frá öllum Norðurlöndum.

■ **3. gr.** Ráðherranefndin eða sá, sem hún tilnefnir, ákveður erindisbréf og starfsreglur fyrir starfsfólk við samnorrænar stofnanir. Í starfsreglunum skal koma fram hvaða aðili eða aðilar bera ábyrgð á ráðningu starfsfólks fyrir stofnunina.

□ Áður en erindisbréf eða starfsreglur verða samþykktar skal viðkomandi stéttarfélagum gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt.

■ **4. gr.** Hver samningsaðili skuldbindur sig til að reikna starfstímamann í stofnun eins og opinbert starf sem innt er af hendi í heimalandinu. Fastráðnir ríkisstarfsmenn, sem fá tímabundið starf við stofnun, fá leyfi frá störfum í þann tíma sem ráðningin stendur.

□ Tímabundið starf merkir ráðningu sem ekki varir lengur en átta ár.

■ **5. gr.** Ráðning að samnorrænni stofnun skal framkvæmd með skriflegum samningi milli ráðherranefndarinnar eða þess sem hún ákveður annars vegar og þess sem ráðinn er hins vegar. Hafi ráðherranefndin ekki samþykkt annað skal samningurinn gerður á grundvelli heildarsamningsins sem ráðherranefndin hefur þegar staðfest.

□ Ráðherranefndin ákveður launa- og starfsskilyrði starfsfólks samnorrænna stofnana. Almenn starfsskilyrði, sem fyrrgreind ákvæði taka ekki til, eru ákveðin eða breytt að undangengnum samningaviðræðum milli þess opinbera stjórnvalds sem fer með vinnuveitendamál varðandi almenn launa- og starfsskilyrði ríkisstarfsmanna í því landi þar sem stofnunin hefur aðsetur og fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga. Áður en slíkar samningaviðræður hefjast skal norræna launa- og starfsmannanefndin taka málið fyrir.

■ **6. gr.** Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfsfólk við samnorrænar stofnanir njóta góðs af lífeyrissjóði ríkisins í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, sé annað ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

□ Samningur sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda sem aflað hefur verið í lífeyrissjóði ríkisins eða samsvarandi lífeyrissjóði skal einnig gilda fyrir starfsfólk samnorrænna stofnana sem hefur lífeyrisréttindi í þeim Norðurlandanna sem hafa gerst aðilar að samningnum.

■ **7. gr.** Deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings

skulu útkljáðar af sáttanefnd, komi aðilar sér ekki saman um annað.

□ Sáttanefnd skal skipa ef annar deiluaðila krefst þess. Sáttanefndin skal skipuð þremur mönnum. Deiluaðilar tilnefna hvor sinn manninn sem í sameiningu tilnefna hinn þriðja sem verður formaður sáttanefndarinnar. Ef sáttanefndarmenn sem tilnefndir eru af deiluaðilum verða ekki ásáttir um tilnefningu þriðja manns skal fara þess á leit við formann þess dómstóls í starfslandinu, sem fer með vinnudeilur, að hann tilnefni þriðja mann.

□ Úrskurður sáttanefndar skal vera skriflegur og undirritaður af nefndarmönnum.

□ Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar að öðru leyti.

□ Norræna ráðherranefndin ákveður þóknun sáttanefndar eftir tillögu frá sáttanefndinni.

□ Sáttanefndin ákveður skiptingu kostnaðar af sáttameðferðinni milli deiluaðila.

■ **8. gr.** Ráðherranefndin getur ákveðið að samningurinn gildi einnig fyrir stofnanir sem ekki eru fjármagnaðar af norrænu fjárlögum en eru fjármagnaðar á annan samnorrænan opinberan hátt.

□ Ráðherranefndin getur ákveðið að ákvæðin í þessum samningi verði aðeins notuð að hluta við ákveðna stofnun.

■ **9. gr.** Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

□ Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

□ ...

■ **10. gr.** Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar.

□ Uppsögn tekur aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að norska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

■ **11. gr.** Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.